

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Barónsreitir – Skúlagata 30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 16. nóvember 2023, breytingu á deiliskipulagi fyrir Barónsreits vegna lóðarinnar nr. 30 við Skúlagötu. Í breytingunni felst að niðurrif framhúss að hluta eða heild verði heimilað með skilyrðum, heimilt verði að gera sameiginlegt útivistarsvæði gesta á þaki bakhúss og að fyrirkomulagi sorps verði breytt ásamt því að heimilt verði að gera flóttastiga á bakhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skarfabakki, Klettasvæði – Skarfagarðar 6-10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skarfabakka, Klettasvæði, vegna lóðarinnar nr. 6-10 við Skarfagarða. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, staðfang lóðar verði breytt þannig að Skarfagarðar 6-10 verður Skarfagarðar 6, heimilt verði að fjarlægja núverandi hús innan byggingarreits og bílastæði breytast og verða útfærð eftir samgöngumati. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. mars 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2024